

Ný reglugerð um Fasteignasjóð Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga

- [Facebook Link](#)
- [Twitter Link](#)

Gefin hefur verið út ný reglugerð um starfsemi Fasteignasjóðs Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga. Þar er m.a. kveðið á um skilyrði þess að veittir séu styrkir til sveitarfélaga úr sjóðnum. Athygli er vakin á því að umsóknir sveitarfélaga um styrki á þessu ári skulu hafa borist Jöfnunarsjóði sveitarfélaga **eigi síðar en 1. júní nk.**

Fasteignasjóður hefur það hlutverk að jafna aðstöðu sveitarfélaga við uppbyggingu eða breytingar á fasteignum sem nýttar eru í þjónustu við fatlað fólk með miklar og/eða sértækar stuðningsþarfir, sbr. [13. gr. b í lögum um tekjustofna sveitarfélaga](#). Í reglugerðinni, [nr. 460/2018](#), eru nánari reglur um starfsemi Fasteignasjóðs og skilyrði þess að veittir séu styrkir til sveitarfélaga úr sjóðnum. Er gert ráð fyrir að styrkir verði veittir til eftirtalinna verkefna:

1. Til fjármögnunar á hlutdeild í stofnframlagi til byggingar búsetukjarna fyrir fatlaða íbúa með mjög miklar og/eða sértækar stuðningsþarfir á móti framlagi Íbúðalánasjóðs.
2. Til jöfnunar á íþyngjandi kostnaði vegna langtímaleigusamninga um húsnæði fyrir fatlað fólk sem sveitarfélögin yfirtóku samhliða yfirfærslu málaflokksins 2011.
3. Til stuðnings við nauðsynlegar endurbætur á eldra íbúðarhúsnæði fatlaðs fólks með verulegar þjónustu og stuðningsþarfir sem gera því kleift að búa áfram á heimilum sínum.
4. Til byggingar hæfingarstöðva til að sinna lögbundnu hlutverki þeirra til hæfingar fatlaðs fólks..
5. Í öðrum sérstökum undantekningartilvikum sem talin eru falla vel að hlutverki Fasteignasjóðs en sem falla þó ekki undir liði a-d hér að framan.

Nánari upplýsingar veitir Guðni Geir Einarsson á skrifstofu Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, gudni.g.einarsson@srn.is.